

Til nefndasviðs Alþingis

Sent á netfangið nefndasvid@althingi.is

16. janúar 2019

Efni: Umsögn um
Frumvarp til laga um þungunarrof
Þingskjal 521 — 393. mál
Stjórnarfrumvarp

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi þakkar að hafa fengið sent til umsagnar Frumvarp til laga um þungunarrof. Þótt boð um umsögn virðist aðeins til málamynda þar sem gert er ráð fyrir að frumvarpið öðlist lagagildi aðeins viku eftir að umsagnarfresti lýkur og hverfandi líkur eru á að umsögn svo seint fram komin hefði áhrif á löggjöfina, erum við engu að síður þakklát fyrir að vera boðið að koma sjónarmiðum okkar á framfæri.

Meginatriði frumvarpsins

Það er ljóst að nýjum lögum er fyrst og fremst ætlað að rýmka möguleika kvenna til fóstureyðinga/þungunarrofs og tryggja sjálfsforræði þeirra. Í raun eru engar hömlur settar fyrir slíku inngripi innan fullra 22 vikna óski kona ekki að fæða það barn sem hún gengur með.

Um leið er gerð veigamikil orðalagsbreyting í umfjöllun um málefnið þar sem orðið fóstureyðing er látið víkja fyrir orðinu þungunarrof og er því ætlað færa fókusinn yfir á konuna fremur en á fóstrið.

Mótsagnakennd viðhorf

Viðhorf samfélagsins til lífs á fósturskeiði eru mótsagnakennd. Oft er talað um fóstur sem hluta af líkama konunnar þótt um sé að ræða annan líkama með eigið líffærakerfi og genamengi, þ.e. annan einstakling. Aðrir hugsa um bumbubúann, afkvæmi sitt, af miklum kærleika allt frá því að þeir vita af tilvist hans.

Flest ef ekki öll trúarbrögð miða við að líf manneskjunnar hefjist við getnað enda hefst þar vöxtur hennar og þroski. Fóstur er einfaldlega lifandi og þungunarrof felur í sér að það sé deytt. Mótsagnakennd viðhorf samfélagsins verða hvað augljósust þegar kemur að þeim tíma sem tæpt er hvort litli líkaminn geti lifað áfram utan líkama móðurinnar. Tímamörkin milli þess þegar talið er rétt og leyfilegt að eyða fóstri og þess að allt sé lagt í sölurnar til að bjarga dýrmætu mannlífi eru að mást út.

Í greinargerð frumvarpsins segir að lífslíkur fyrirbura hafi stöðugt verið að batna, viðmið lífvænleika fósturs sé nú talið 21 vika og 6 dagar og talið líklegt að það færist enn neðar. Engu að síður er lagt til að þungunarrof sé frjálst út 22. viku.

Sjónarmið bahá'í trúarinnar um mannlíf

Sjónarmið bahá'í trúarinnar um mannlíf byggist á því að líf mannsins hefjist við getnað. Augljóslega gengur það gegn slíku sjónarmiði að taka mannlíf, jafnvel þótt það sé óþroskað og enn í móðurkviði. Engu að síður er viðurkennt að upp geti komið tilvik sem réttlæti inngríp í alvarlegum tilfellum, s.s. ef lífi móður er hættu búin, eitthvað mikið er að fósturinu eða ef móðurinni hefur verið nauðgað. Í slíkum tilvikum er það á ábyrgð foreldranna (móðurinnar einnar hafi henni verið nauðgað) að meta bestu fánlegu ráðgjöf fagfólks og taka ákvörðun út frá eigin samvisku.

Niðurstaða

Í þeim brýnu aðstæðum sem fóstureyðing kann að vera nauðsynleg eða réttlætanleg er lagt upp með það í bahá'í trúnni að foreldrar (í ákveðnum tilvikum móðirin ein) beri ábyrgð á að meta ráðgjöf sérfræðinga, ekki að foreldrarnir séu ofurseldir utanaðkomandi ákvörðunum. Að því leyti tókum við undir það markmið laganna að tryggja sjálfsforræði kvenna við ákvarðanir í þessum aðstæðum.

Á hinn bóginn hörmum við það lífsviðhorf sem liggur að baki þeirri skýru og einbeittu stefnumörkun að fóstureyðing sé ekki aðeins valfrjáls og örugg í brýnum tilvikum heldur almennt sjálfsgöð og jafnvel léttvæg. Látið er að því liggja að inngrípið snúist um líkama konunnar og sé einkamál hennar en horft fram hjá því að fóstur er nýr einstaklingur sem að öllu eðlilegu ætti að eiga öruggt skjól í líkama móðurinnar. Ekki er horft til siðferðilegra viðhorfa s.s. um réttindi fósturs til lífs og ekki er svo mikið sem ýjað að rétti föður til samráðs um afdrif afkvæmis síns.

Aðgengi að getnaðarvörnum er gott á Íslandi, menntun og velsæld eru með því sem best gerist í heiminum og samfélagið ætti að geta tryggt öllum mæðrum og börnum öruggt líf. Það er umhugsunarefni að þrátt fyrir það skuli u.þ.b. fimmtu hverri þungun ljúka með fóstureyðingu.¹ Við núverandi þjóðfélagsaðstæður er ólíklegt að brýn þörf reki mæður til þessara úrræða í svo ríkum mæli en líklegra að niðurstaðan ráðist af almennu viðhorfi um að mannlíf á fósturskeiði sé minna virði en eftir fæðingu fáeinum vikum síðar. Það viðhorf fær óneitanlega fótfestu í lagamma þar sem leyft er, jafnvel fram yfir miðja meðgöngu að deyða ófætt barn í móðurkviði af hvaða ástæðu sem er eða af engri sérstakri ástæðu.

Við gerum okkur grein fyrir að lífið er ekki svarthvítt. Þótt sumt sé augljóslega rétt og annað augljóslega rangt er fjölmargt sem liggur þar á milli og hver og einn þarf að grandskoða ólíka þætti, aðstæður og sjónarmið – og loks samvisku sína – til að komast að niðurstöðu. Fóstureyðingar eða þungunarrof eru þannig ekki eingöngu tæknilegs og líffræðilegs eðlis heldur viðkvæmt málefni sem snýr að sjálfum grunnrökum lífsins. Þótt ekki sé hægt að lista upp einfalda reglu um rétt viðbrögð í öllum tilvikum hefði verið mikilvægt að löggjöfin endurspegladi dýpri virðingu fyrir mannlífi á öllum stigum þess.

Andlegt þjóðarráð Bahá'ía á Íslandi



¹ Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands og Embættis Landlæknis voru fæðingar árið 2017 4.071 og fóstureyðingar 1.044 talsins: <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfioldi/faedingar-2017/>
https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item34996/Talnabrunnur_Mai_2018_.pdf